

Fundargerð háskólaráðs
372. fundur þriðjudaginn 31. maí 2016
Borgir, 262

Rektor Eyjólfur Guðmundsson setti fund kl. 13:41.

Mættir voru auk hans:

Berglind Ósk Guðmundsdóttir, fulltrúi nemenda
Erla Björg Guðmundsdóttir, varafulltrúi háskólaráðs
Hermína Gunnþórsdóttir fulltrúi háskólasamfélagsins
Óskar Þór Vilhjálmsson fulltrúi háskólasamfélagsins

Aðrir mættir:

Martha Lilja M. Olsen verkefnastjóri á skrifstofu rektors
Ólafur Halldórsson framkvæmdastjóri
Úlfar Hauksson forstöðumaður

Forföll boðuðu:

Jens Garðar Helgason, fulltrúi menntamálaráðherra og varamaður hans Elvar Jónsson
Finnbogi Jónsson, fulltrúi háskólaráðs
Svanfríður I. Jónasdóttir, fulltrúi háskólaráðs

Gestir:

Solveig Hrafnisdóttir, náms- og starfsráðgjafi

Rektor kynnti dagskrá.

1. Fundargerð 371. fundar til samþykktar

1603045

Fundargerð 371. fundar lögð fram til samþykktar. Fundargerð samþykkt án athugasemda.

2. Mál til kynningar

Engin mál til kynningar.

3. Rekstur

Ólafur Halldórsson og Úlfar Hauksson komu inn á fundinn undir þessum lið.

Úlfar kynnti stöðuna í rekstrinum fyrstu fjóra mánuðina. Heilbrigðisvísindasvið og hug- og félagsvísindasvið eru örlítið undir áætlun en viðskipta- og raunvísindasvið er aðeins yfir áætluna, þar á þó eftir að færa inn tekjur vegna útseldrar vinnu starfsmanna. Í heild er skólinn um það bil á áætlun, örlítið undir áætlun til að standa straum af launahækkunum sem framundan eru í júní, það mun þó varla eða rétt svo duga til. Fjárhagur skólans er mjög þröngur og má lítið sem ekkert út af bregða. Það er ljóst að það vantar töluvert fjármagn til að hægt sé að halda uppi núverandi rekstri.

4. Breytingar á reglum um rannsóknasjóð

Rektor kynnti reglurnar og þær breytingar sem í þeim felast.

Háskólaráð samþykkir eftirfarandi bókun:

Háskólaráð Háskólans á Akureyri samþykkir að fela stjórn Rannsóknasjóðs HA að endurskoða hlutverk og reglur sjóðsins með það að leiðarljósi að stjórn sjóðsins annist hér eftir þrjá sjóði til viðbótar.

Rannsóknasjóður Háskólans á Akureyri hefur áfram það hlutverk að efla rannsóknir og vísindastörf á vegum háskólans. Sjóðurinn skal eftirleiðis skiptast í fjóra undirsjóði. Þeir eru: Rannsóknasjóður, Ferðasjóður, Starfsskyldusjóður og Útgáfusjóður.

Fyrir liggja reglur um Starfsskyldusjóð sem háskólaráð hefur þegar samþykkt.

Háskólaráð samþykkir hér með reglur um Ferðasjóð (meðfylgjandi) en þær eru að mestu sniðnar að reglum um sambærilegan sjóð í HÍ (Sáttmálasjóður) og um báða þessa sjóði Starfsskyldusjóð og Ferðasjóð var samkomulag við gerð síðustu stofnanasamninga.

Háskólaráð felur stjórn Rannsóknasjóðs að endurskoða reglur um Rannsóknasjóð og reglur um Útgáfusjóð, m.a. með hliðsjón af hlutverkum Starfsskyldusjóðs og Ferðasjóðs. Jafnframt fari fram heildarendurskoðun á framkvæmd þessara reglna innan 12 mánaða.

Háskólaráð felur stjórn Rannsóknasjóðs og starfsfólki sjóðsins að auglýsa eftir styrkjum í samræmi við reglur sjóðanna.

Háskólaráð ítrekar að tilkoma nýs ferðasjóðs leiðir ekki til skerðingar á ferðafé fræðasviða skólans.

5. Verklag vegna nýs námsframboðs við HA

Búið er að prófa verklagið og lagt er til að verklagsreglurnar séu samþykktar sem formlegt verklag þegar boðið er upp á nýtt námsframboð við HA. Háskólaráð samþykkir verklagsreglurnar án athugasemda.

6. Lokaskýrsla brotthvarfsteymis

Solveig Hrafnadóttir, náms- og starfsráðgjafi kom inn á fundinn undir þessum lið.

Solveig kynnti lokaskýrslu brotthvarfsteymis, eða verkefni um handleiðslu 1. ársnema. Handleiðsluverkefni var hrundið af stað af brotthvarfsteymi HA, sem stofnað var árið 2010 og vinnur á vegum gæðaráðs. Helstu þættir eru aukinn stuðningur við nemendur á fyrsta ári, í formi viðtala, aukinni fræðslu o.fl. Verkefnið verið í gangi í 2 ár í hug- og félagsvísindasviði og viðskipta- og raunvísindasviði. Ekki var talin ástæða til að vera með slíkt verkefni á heilbrigðisvísindasviði þar sem þar er brotthvarf hverfandi.

Hópurinn vill setja það sem markmið að þessi vinna verði að daglegum og sjálfsögðum þætti í starfi deildanna.

Endurkoma er tekin út frá fjölda nemenda á öðru ári eftir 15. október ár hvert (2014 og 2015 í þessari skýrslu).

Markmiðið er alltaf á endanum að búa til sjálfsöruggari og betri nemendur.

Einnig er fjallað um umhverfi fjarnema í skýrslunni. Aðstæður og námsumhverfi fjarnema er mjög mismunandi, bæði hvað varðar aðgengi nemenda, kostnað og fleira. Lagt er til í skýrslunni að gerð verði heildarúttekt á fjarstöðum og öllu sem þeim tengist til að fá heildarmynd á aðstæðum fjarnema.

Rektor bendir á að gæðaráð háskólanna leggi mikla áherslu á að verið sé að vinna í vandamálum tengdum brotthvarfi, þannig að þetta verður ein af mikilvægum breytum í gæðamati á næsta matstímabili.

Erla Björg spyr hvort verið sé að mæta þörfum þeirra nemenda sem eru helst að hverfa frá námi á fyrsta ári. Solveig staðfestir að handleiðsluverkefnið sé einmitt miðað að því að styðja betur við nemendur – sérstaklega fjarnemendur. Einnig þarf að huga að því hvernig námið er kynnt, þ.e. að tilvonandi nemendur geri sér vel grein fyrir því hvað í náminu felst áður en farið er af stað.

Rektor leggur áherslu á að háskólaráð kynni sér skýrsluna vel, sérstaklega það sem kemur að mismunandi aðstæðum og aðgengi fjarnema. Á að sækja aukið fjármagn í þetta verkefni frá ríkisvaldinu eða synja þessum nemendum? HA þarf að skilgreina sína mælikvarða á hvað þarf að vera fyrir hendi á fjarstöðum.

7. Brautskráning 2016

Rektor sagði frá stöðunni við skipulagningu brautskráningar.

8. Framgangsmál

Framgangur Dr. Joan Nymand Larsen í stöðu prófessors við Háskólann á Akureyri. Rektor kynnti niðurstöðu dómnefndar HA og framgangsnefndar HA um umsókn Joan Nymand Larsen um framgang. Rektor fór svo yfir rökstuðning sinn fyrir þeirri ákvörðun sinni að veita henni framgang í stöðu prófessors þrátt fyrir að lágmarksaflstigum sé ekki náð.

Málið var kynnt háskólaráði og eftir miklar umræður gerir háskólaráð ekki athugasemdir við niðurstöðu rektors.

9. Ályktun vegna fjárveitinga til háskólastigsins

Fyrir liggur fjármálaáætlun ríkisstjórnarinnar til næstu fimm ára. Síðustu árin hefur Háskólinn á Akureyri ekki fengið nægt fjármagn til reksturs og uppbyggingar skólans.

Háskólaráð Háskólans á Akureyri ályktar eftirfarandi:
Í fjármálaáætlun ríkisstjórnar Íslands fyrir árin 2017-2021 liggur fyrir að ekki er gert ráð fyrir auknu fjármagni til háskóla á Íslandi. Íslenskir háskólar hafa nú árum saman verið undirfjármagnaðir og samkvæmt þessari áætlun er ljóst að ekki á að sækja fram. Ekkert bendir til þess að stjórnvöld hyggist raungera stefnu Vísinda- og tækniráðs um að framlag á hvern háskólanema á Íslandi verði sambærilegt við Norðurlöndin árið 2020. Háskólaráð Háskólans á Akureyri lýsir yfir miklum vonbrigðum með þessar áætlanir ríkisstjórnarinnar og tekur undir yfirlýsingu samstarfsnefndar háskólastigsins, þar sem sitja rektorar allra háskóla á Íslandi, um að verði núverandi fjármálaáætlun samþykkt séu það ekki einungis vonbrigði heldur mun hún hafa verulega neikvæð áhrif á háskólanám, vísindastarf, framþróun í atvinnusköpun og samkeppnisstöðu Íslands til framtíðar.

Ofangreind ályktun er samþykkt af háskólaráði, til meðhöndlunar rektors.

10. Nýtt frumvarp um LÍN

Nýtt frumvarp um LÍN liggur fyrir. Rektor leggur áherslu á að fulltrúar í háskólaráði kynni sér frumvarpið mjög vel.

11. Starfsmannamál

Rektor rakti stöðu mála í ráðningarferli um stöðu forseta hug- og félagsvísindasviðs. Fimm umsækjendur voru metnir hæfir af dómnefnd HA. Einn dró umsókn sína til baka. Fjórir umsækjendur eru eftir, sem hafa kynnt sig fyrir sviðinu. Hug- og félagsvísindasvið mun svo veita umsögn um þessa fjóra umsækjendur. Capacent er einnig með málið til meðferðar og mun leggja mat á stjórnendahæfni þessara umsækjenda. Málið verður væntanlega klárað á næstu tveimur vikum.

Rektor sagði háskólaráði frá hugmynd sinni um að skipa aðstoðarrektor, sem myndi starfa með rektor næstu mánuði að þeim krefjandi verkefnum sem fyrir liggja á næstu vikum og mánuðum. Mikið álag hefur verið á rektorsskrifstofunni undanfarið og er ekkert lát á því álagi. Háskólaráð gerir ekki athugasemd við þessa áætlun rektors. Rektor leggur fram formlega tillögu um tímabundna ráðningu aðstoðarrektors á næsta fundi.

12. Stefnumótun – staða

Rektor rakti stöðuna í stefnumótunarferli. Í ljósi stöðunnar í samfélaginu er stefnumótunarferli HA frestað fram á haust.

13. Önnur mál

- **Viðbót við siðareglur**

Drög að viðbót við siðareglur HA. Lögð fram til kynningar, er ennþá í vinnslu.

- **Tillaga að breytingu á starfsskyldum kennara við Háskólann á Akureyri**

Lögð fram tillaga um að breyta starfsskyldum kennara (lektora og dósentra) við HA til samræmis við breytingar sem samþykktar voru í HÍ 3. desember 2015. Tillagan hefur þegar verið kynnt fyrir FHA. Starfsskyldur kennara skiptast í þrjá meginþætti: rannsóknir, kennslu og stjórnun.

Lagt er til að skiptingin verði eftirfarandi:

- Starfsskyldur lektora og dósentra í hálfu starfi eða meira skiptast almennt í 48% kennslu, 40% rannsóknir og 12% stjórnun.
- Starfsskyldur lektora og dósentra sem eru í minna en hálfu starfi skiptast í 69% kennslu, 23% rannsóknir og 8% stjórnun.
- Starfsskyldur aðjúnta í hálfu starfi eða meira (aðjúntkt I), skiptast almennt í 65% kennslu, 31% rannsóknir og 4% stjórnun.

Háskólaráð samþykkir að unnið verði eftir ofangreindri skiptingu á starfsskyldum kennara við Háskólann á Akureyri frá 1. ágúst 2016. Háskólaráð beinir því til samstarfsnefndar að nefndin geri tillögu að ramma fyrir þann hluta af starfsskyldum kennara sem lýtur að stjórnun og að endurskoða reglur um starfsskyldur kennara.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 16:31.